

Sp.

241. Tillaga til þingsályktunar

[122. mál]

um vinnuskilyrði fyrir aldrað fólk.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, á hvern hátt hægt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína. Að athugun lokinni leggi stjórnin fyrir Alþingi frumvarp, er miði að lausn þessa máls.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur meðalaldur þjóðarinnar hækkað nokkuð. Mun sú þróun standa í sambandi við aukna þekkingu læknávisindanna og almenna velmegun í landinu.

Það mun nokkuð algengt, þegar fólk er komið yfir sjötugt og jafnvel fyrr, hverfi það frá sínum fyrri störfum og láti af hendi forstöðu á atvinnurekstri, þó að það hafi haft hann á hendi þangað til. Þessi þróun er eðlileg, vegna þess að slík störf krefjast fullrar starfsorku og þátttaka næstu kynslóðar í athafnalífinu er nauðsynleg. Hitt er þó augljóst mál, að mikill meiri hluti þessa fólks, er lætur af störfum, hefur yfir starfsorku að ráða, sem skapað gæti mikil verðmæti, ef það hefði aðgang að verkefnum við sitt hæfi og byggi við skilyrði til að framkvæma þau. Auk þess er iðjuleysi fólki á þessum aldri mjög fjarlægð og gerir því ellina lítt bærilega.

Á síðari árum hefur verið unnið nokkuð að því að koma upp heimilum fyrir aldrað fólk. Eiga brautryðjendur í þeim málum þakkir skyldar fyrir framtak sitt. Þessi heimili búa hins vegar við þau skilyrði, að erfitt er þar að fá verkefni við hæfi, svo að því takmarki, sem hér er stefnt að, að aldrað fólk verði þátttakendur í sköpun verðmæta, að því leyti sem starfsorka þess leyfir, verður ekki náð þar.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að eftir því sem öldruðu fólki fjölgar og þéttbýli eykst í landinu, knýi lausn þessa máls meira á og að þjóðfélagið hafi ekki efni á að láta starfsorku þessa fólks ónotaða, auk þess sem ævikvöld þess verði þá gert að skugga starfsamrar ævi.

Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi að leita eftir leiðum, sem markað geti ákveðna stefnu í þessu máli út frá því sjónarmiði, er að framan greinir.